

Ellefti fundur Skólanefndar Framhaldsskólans á Laugum haldinn í matsal Framhaldsskólans á Laugum miðvikudaginn 6. janúar 2021 klukkan 15:00.

Mættir: Dagbjört Jónsdóttir, Hjördís Stefánsdóttir, Bjarni Höskuldsson, Bryndís Ívarsdóttir, Anita Karin Guttesen varamaður Baldurs Danielssonar sem boðaði forföll, Sigurbjörn Árni Arngrímsson skólameistari og Hanna Sigrún Helgadóttir fulltrúi kennara sem ritaði fundargerð.

1. Skólastarfið á haustönn 2020

Vegna Covid, samkomutakmarkana, anna og ýmissa annarra þátta var ekki formlegur fundur í skólanefnd á haustönn 2020. Skólameistari sendi skólanefnd í stað þess sex síðna greinargerð um starfið á haustönninni og eru hér helstu punktarnir úr þeirri greinargerð

- a. Skólastarfið á haustönninni markaðist af sífelldum breytingum en reglugerðum var breytt á um tveggja vikna fresti og aðlagði skólinn sig af þeim reglum sem voru í gildi hverju sinni. Álagið að starfsfólk og nemendur var því gríðarlegt og örlaði á auknum kvíða meðal nemenda vegna óvissu og tíðra breytinga. Þrátt fyrir allt gekk skólastarf mjög vel og var staðnám allan tímann utan 11 kennsludaga sem voru í fjarnámi vegna fjöldatakmarkana. Meðalraunmæting nemenda var 88,2% og hefur svo há tala ekki áður sést í tíð núverandi skólameistara og einkunnir með besta móti en vegin meðaleinkunn allra nemenda í öllum áföngum var 6,84 og hefur einungis verið hærrí tvær annir þar á undan.
- b. 125 nemendur skráðu sig til náms á haustönn og skiluðu 124 sér í hús. 89 nemendur og voru á heimavist og 10 utan vista þannig að 99 nemendur voru í staðnámi dag hvern. Einn þeirra var í útibúinu á Vopnafirði. 25 nemendur voru utan skóla, þar af 9 í grunnskólum í Þingeyjarsveit og á Vopnafirði.
- c. Agavandamál á heimavist voru meiri á haustönninni en undanfarna tvo vetur sennilega vegna þess að minna er við að vera og nemendur komast lítið af staðnum til þess að lyfta sér upp. 11 nemendur voru sendir heim í 10 daga en fengu svo að snúa í skólann aftur. Tveimur nemendum var vísað af heimavist og annar þeirra hætti í skólanum í kjölfarið.
- d. Skólalæping var haldið á haustönninni og tókst með ágætum og komu margar góðar hugmyndir fram
- e. Starfsmannabreytingar urðu þær að Sigrún Aagot Ottósdóttir skólafulltrúi eignaðist barn í lok nóvember og fór í eins árs barnsburðarleyfi og Sólborg Matthíasdóttir leysir hana af þann tíma. Eygló Sófusdóttir náms- og starfsráðgjafi mun fara í barnsburðarleyfi í byrjun janúar og mun Ásta Gísladóttir kennari leysa hana af á vorönninni. Jóhanna Eydís Þórarinsdóttir mun taka að sér hluta af kennslu Ástu á meðan.
- f. Ársreikningurinn fyrir árið 2019 skilaði sér í hús í ágúst og varð hallarekstur á skólanum sem nam 13,9 m.kr. Stafaði hann aðallega af því að skólinn fékk ekki allt það fjármagn frá ríkinu sem hann hafði reiknað með að fá. Endanlegar tölur fyrir 2020 og 2021 lágu ekki fyrir þegar greinargerðin var skrifuð en reiknað var með að 2020 yrði rekið með 8,6 til 14,7 m.kr. halla og árið 2021 með 19,2 m.kr. halla. Ekki var búist við því að bætur vegna Covid lokana heimavista og mötuneytis myndu berast. Einnig var ekki búist við því að skólinn myndi geta greitt starfsfólki sínu aukagreiðslur vegna álagsins sem hlotist hefur vegna Covid.
- g. Hótelið var rekið í mýflugumynd í sumar og skilaði einungis broti af því sem það hefði átt að skila og illa hefur gengið að fá rekstraraðila fyrir árið 2021 en Hótel Laugar ehf hefur verið að reyna að losa sig út úr rekstrinum. Þó hefur skólanum verið gefinn ádráttur um að Hótel Laugar muni halda rekstri áfram ef allt annað bregst.

- h. Skólinn hlaut jafnlaunavottun í ágúst og var í samstarfi við Nýsköpun í Norðri um sumarstörf námsmanna. Skólinn hefur hafið innleiðingu grænna skrefa og er búinn að innleiða Betri vinnutíma í dagvinnu og innleiðing Betri vinnutíma í vaktavinnu er hafinn.
 - i. Inntökutölur í desember voru þannig að 98 af núverandi nemendum höfðu sótt um en ekki allir voru öruggir með skólavist sakir slægrar mætingar og/eða námsárangur. Þrír nemendur ætluðu að hætta og þrír voru búnir með sitt nám. 11 nýjar umsóknir höfðu borist og sjö voru samþykktar, þremur hafnað og ein var í vinnslu. Svo var reiknað með að flestir af þeim 9 grunnskólanemendum sem voru við nám í haust myndu halda áfram sem og flestir af þeim 10 utan skóla nemendum sem ekki höfðu þegar sótt um.
2. Yfirferð haustannar – fyrirspurnir skólanefndarmanna úr greinargerð skólameistara. Umræður um greinargerðina sem send var út 16. desember og Sigurbjörn svaraði fyrirspurnum skólanefndarmanna varðandi hana.
3. Inntaka vorannar.

121 nemandi er þegar skráður. 87 nemendur verða á heimavist og 9 utan vista þannig að 96 nemendur verða í staðnámi dag hvern. Þrír þeirra verða í útibúinu á Vopnafirði. 19 nemendur verða utan skóla, þar af 4 í grunnskólum í Þingeyjarsveit og á Vopnafirði. Hugsanlega verða fleiri grunnskólanemendur í námi, það fer svolítið eftir takmörkunum á íþróttakennslu. Sex nemendur eru búnir með allt sem þeir geta tekið á Laugum og munu útskrifast í vor klári þeir allt annað.
4. Skipulag skólastarfs í janúar og febrúar
Upphafi kennslu vorannar var frestað frá 6. janúar til 11. janúar til að hægt væri að undirbúa skólastarf með sem bestum hætti miðað við þær reglur sem gilda í janúar og febrúar. Jafnframt er vonast til þess að geta verið með sams konar skólastarf án breytinga í janúar og febrúar. Áætlanirnar gera ráð fyrir að skólastarf verði sem mest með hefðbundum hætti í fagnáms- og hóptímum. Þó er ljóst að brugðið getur til beggja vona og starfsmenn meðvitaðir um að hugsanlega þurfi að skipta í meira niðurrhólfað skólastarf eða jafnvel fjarnám. Einnig hefur verið tekin sú ákvörðun að fresta öllum hátíðum s.s. Tónkvíslinni, árshátíð og uppbrotum þangað til fjöldatakmarkanir leyfa slíkt.
5. Fjármál
Miðað við þær nýjustu fréttir sem skólameistara hafa borist af fjármálum er hann vongóður um að skólinn fái Covid bætur vegna taps á rekstri heimavista og mötuneytis. Einnig er hann vongóður um að framlög til skólans verði aukin vegna fjölgunar nemenda og þá mun stefnt að hallalausum rekstri árið 2021.
6. Sumarhótel
Umleitanir skólameistara og Baldurs hjá Hótel Laugum ehf að rekstaraaðila fyrir næsta sumar hafa engan árangur borið. Baldur og Sigurbjörn skildu þannig í samtali milli jóla og nýárs að Hótel Laugar ehf yrðu með rekstur þarna næsta sumar í einhverri mynd.
7. Önnur verkefni
Sigurbjörn fór yfir stöðuna á ýmsum öðrum verkefnum sem eru í gangi s.s. innleiðingu rafrænnar skjalavörslu, Grænna skrefa og Betri vinnutíma í vaktavinnu. Einnig fór hann yfir stöðuna á viðhaldi jafnlaunavottunar en fyrstu tölur fyrir 2020 sína fram á óútskýrðan launamun kynjanna upp á 0,27% körlum í vil (var 0,57% konum í vil árið 2019).

8. Önnur mál

Skólanefnd vill koma á framfæri hrósi og þökkum til starfsfólks Framhaldsskólans á Laugum fyrir gott starf í þágu skólans við erfiðar aðstæður á tímum Covid-19.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 16:45